

Skýrsla formanns.

Góðir félagsmenn.

Stjórn klúbbsins þetta árið skipuðu auk mín, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Guðmundur Pálmason varaformaður, Brynjar Stefánsson gjaldkeri og Hannes Björnsson meðstjórnandi. Auk þess voru Aðalsteinn Steinþórsson og Sigríður Björnsdóttir í varastjórn en varamenn eru boðaðir á alla fundi og taka virkan þátt í stjórnarstörfum.

Völlurinn okkar kom vel undan vetri og eftir milt og gott vor gátum við opnað völlinn frekar snemma. En veðrið var kaflaskipt í sumar. Maí og júní voru frekar þurrir og hlýir. Það sama verður ekki sagt um júlí og ágúst sem voru frekar kaldir og blautir. Haustið var síðan ótrúlegt og lokaði völlurinn ekki fyrr en 27. október.

Í ljósi góðrar fjárhagsstöðu ákvað stjórn að fjölga stöðugildum, bæði yfir veturinn og yfir sumarið. Þetta skilaði sér mjög vel, og var félagsmönnum til góða. Um veturinn gátum við unnið að því að lagfæra skálann og tryggt gott viðhald á vélunum og um sumarið skilaði aukinn starfsmannafjöldi sér í betri umhirðu, sem var þó góð fyrir. Golfvöllurinn var frábær og GÖ hefur skapað sér sess sem virkilega flottur golfvöllur.

Spilaðir hringir jukust enn eitt árið og voru um 19,000 en bera hefur í huga að við opnuðum snemma og lokuðum seint.

Eins og undanfarin ár var reksturinn góður. Tekjur jukust um 10% en útgjöld um 26% og munar þar mest um launakostnað sem jókst um 37%. Var það meðvitað ákvörðun stjórnar sem skilaði sér beint til félagsmanna í bættri aðstöðu í skála og betri umhirðu vallarinnis. Er þetta komið til að vera í mínum huga. Þá fjárfesti félagið mikið í vélum, golfbílum og búnaði í skálann, sér í lagi í breytingum og nýjum tækjum í eldhúsið.

Og eins og áður að þá tókst starfsmönnum okkar að halda vellinum í top formi. Með auknu álagi á völlinn þá eykst álagið á starfsmenn til

að geta sinnt sínum störfum vel í þágu okkar félagsmanna. Voru þau oft að byrja vinnuna milli 5 og 6 á morgnana og það með bros á vör. Það er frábært að hafa slíkt fólk í vinnu. Óli vallarstjóri og hans fólk á mikið hrós skilið.

Sem fyrr var góð mæting á **vinnudeginum** sem haldinn var um miðjan maí. Unnið var að hinum ýmsu verkum, svo sem tyrfingum, stígavinna hér og þar, grjóthreinsun á brautum, snyrting trjágróðurs, þrif á skálanum og margt margt fleira. Verður slíkt sjálfboðaliðastarf seint þakkað, og veit ég að margir kollegar mínir öfunda okkur af því líkum drifkrafti og fórnfýsi sem okkar félagsmanna hafa.

Af **framkvæmdum** er helst að nefna grínið á 6 flöt. Og því líkt grín sem er um 900 fermetrar! Framkvæmdin tókst algjörlega og var Óli vakinn og sofinn yfir gríninu allt sumarið. Hann sáði 27. maí og sló svo grínið 13 dögum seinna. Við spiluðum síðan inn á grínið á Proment mótinu og því líkt grín. Auðvita voru margar aðrar framkvæmdir í stígum, teigum og vökvunarkerfinu sem alltaf er að stækka. Nú í haust réðumst við í undirbúningsvinnu að stækkun og bætingu á nokkrum teigum. Einnig er undirbúningsvinnu lokið við að koma klósetti upp milli 6. og 8. braut. Veit ég að margir gleðjast við þá nýju aðstöðu. Á heimasíðu birtum við skýrslu vallarstjóra og hvet ég ykkur til að lesa hana þar sem nánar er farið yfir vallarframkvæmdir.

Vélakostur klúbbsins er til fyrirmyndar og honum vel viðhaldið. Í fyrra haust ákvað stjórn mjög svo metnaðarfull vélarkaup. Um var að ræða 3 tæki sem kostuðu á þriðja tug milljóna. Vegna aðstæðna í heiminum að á drógust afhendingar mjög mikið. Við fengum gatarann í vor og svo sáningarvélina í sumar. Þessi tæki uppfylltu allar okkar væntingar Nýja flatarlátturvél sem er af fullkomnustu gerð og er sambland af díselvéla og rafmagnsvél er enn ekki komin en ætti að vera hér fyrir næsta sumar. Þá keyptum við 2 nýja golfbíla og erum nú komin með 8 golfbíla til útleigu.

Haldin voru 10 mót á vegum **mótanefndar** sem er sama og árið á undan árið áður, fjöldi keppenda stóð samt í stað og tóku um 1,200

manns þátt. Móttin tókust vel og skráning á skori í gegnum síma búin að festa sig í sessi. Met þátttaka var í stóra GÖ móttinu, en fjölmennasta móttið í ár var Proment Open. Hjóna og paramóttið tókst vel og þrátt fyrir að missa styrktaraðila okkar til margra ára bara nokkrum dögum fyrir mótt að þá var umgjörðin hin veglegasta. Verið er að ganga frá samningum um styrktaraðila næsta árs sem verður Golfskálinn. Þátttakan í meistaramóttinu var sama og í fyrra, en alls tóku 109 manns þátt. Eins og árið á undan var klúbbmeistari 2022 Ásgerður Sverrisdóttir í kvennaflokki en Þórir B Björgvinsson var klúbbmeistari í karlaflokki.

Bikarmeistari ársins 2022 var Rafn Þorsteinsson.

Öldungasveitin okkar í karlaflokki sem var í fyrstu deild barðist hetjulega en féll í aðra deild. Kvennasveitin spilaði í annarri deild og stóðu sig vel. Meistaraflokkur karla sem var mikið breyttur spilaði í annarri deild, en féll niður í 3 deild

Kvennastarfið á vegum kvennanefndar var öflug og líflegt í sumar eins og áður. Hittast konur reglulega á föstudögum, spila 9 holur og borða saman á eftir. Um 50 konur taka þátt í starfinu og vil ég hvetja allar konur að taka þátt, þó ekki sé nema einu sinni og einu sinni. Bikarkeppnin við Kiðjaberg var spiluð í Öndverðarnesi og tóku 38 konur þátt. Og okkar konu unnu bikarinn og hann er því kominn heim. Lokamóttið fór svo fram á Kiðjabergi og var uppselt í ferðina. Veit ég fyrir víst að þar sem glatt var á hjalla.

Að lokum vil ég upplýsa félagsmenn að við höfum átt í viðræðum við Öndverðarnes ehf, eiganda svæðisins, um ákveðna framtíðarsýn og er nú svo komið að félagið ætlar að úthluta okkur lóð og leggja fram fjárhagsleg framlag til að hjálpa okkur að byggja bústað. Hugmyndin er svo að gera búseta skipti við félagið þannig að við fáum hvíta húsið til afnota. Þetta mun gjörbreyta aðstöðu golfklúbbsins og erum við þakklát félaginu fyrir að taka svo vel í okkar hugmyndir. Vonandi munum við þróa okkar samstarf enn frekar.

Eins og fram hefur komið hef ég ákveðið að stíga til hliðar sem formaður. Ég hef nú verið í stjórn í um 8 ár, þar af 4 sem formaður.

Ég geri þetta fullur af stolti yfir því sem við höfum áverkað á undanförunum árum en ekki síður fullur af þakklæti fyrir allt samstarfið við félagsmenn, stjórn og starfsmenn. Ég vil nota þetta tækifæri sérstaklega til að þakka Óla vallarstjóra fyrir frábært samstarf og fyrir hans frábæra framlag til þróunar vallarinnis. Óli hefur samþykkt að taka að sér uppbyggingu á Selfossvellinum. Þetta er eitt það stærsta verkefni á golfvöllum landsins sem ráðist verður í í náinni framtíð, og það er ekkert skrítið að þeir hafi óskað eftir hans kröftum. Þetta er einstakt tækifæri fyrir Óla og óskum við honum alls velfarnaðar. En maður kemur í manns stað og við erum mjög ánægð með að hafa tryggt okkur krafta Einars Ólafs Pálssonar, sem er fagmaður eins og Óli og hefur mikla reynslu frá öðrum golfvöllum. Væntum við mikils af honum.

En ég er mjög sáttur við minn viðskilnað. Golfklúbburinn er fjárhagslega sterkur, völlurinn er frábær, félagsmenn æðislegir og starfsmenn hreint ótrúlegir. Ég þakka stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf. Sveini framkvæmdastjóra, Siggju skrifstofustjóra og Óla vallarstjóra og hans fólki vil ég þakka góð störf og gott samstarf. Öllum nefndarmönnum færi ég bestu þakkir fyrir gott og faglegt starf. Og ekki síst vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg, fyrir þeirra frábæra og óeigingjarna starf. Þá færi ég samstarfs- og styrktaraðilum klúbbsins okkar bestu þakkir. Stuðningur ykkar allra er ómetanlegur.

Að lokum þakka ég öllum félagsmönnum fyrir samstarfið.

Knútur G. Hauksson